

Skilmáli sjúkdómatryggingar

Skilmáli L-2

Vátryggingarsamningurinn samanstendur af skilmálum þessum, upplýsingum á umsóknareyðublaði og öðrum gögnum sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar. Vátryggingarskírteinið og þau atriði sem fram koma á því sem og ákvæði laga nr. 30/2004 eru einnig hluti af vátryggingarsamningi.

Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkinu:

„Félagið“ merkir Vörður líftryggingar hf. sbr. a. lið 62. gr. laga 30/2004.

„Vátryggingartaki“ er sá sem gerir samning við félagið um sjúkdómatryggingu, sbr. b. lið 62. gr. laga 30/2004.

„Vátryggður“ merkir hinn sjúkdómatryggða, svo sem tilgreint er í umsókn, sbr. c. lið 62. gr. laga 30/2004.

„Vátryggingaratburður“ hefur orðið ef vátryggður greinist með einhvern þeirra sjúkdóma, gengst undir einhverja þá aðgerð eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem skilgreind eru í tryggingunni.

„Samningur“ er það samkomulag sem í gildi er milli félagsins og vátryggðs um vátrygginguna

„Aldurstengt iðgjald“ merkir að iðgjald er reiknað af vátryggingarfjárhæð og breytist á hverju ári í samræmi við aldur vátryggðs

„Samningstími“ er sá tími sem líður frá útgáfudegi skírteinisins til þess lokadags sem þar er skilgreindur

„Vátryggingarfjárhæð“ merkir þá fjárhæð sem til greiðslu kemur ef vátryggingaratburður verður, og er í formi eingreiðslu

„Fjármálaeftirlitið“ er opinber eftirlitsaðili sem hefur eftirlit með starfsemi vátryggingafélaga hér á landi skv. lögum nr. 56/2010 og síðari breytingum

„Vísitala“ er vísitala neysliverðs til verðtryggingar.

1. gr. Upphaf og lok ábyrgðar félagsins

Ábyrgð félagsins hefst, þegar félagið hefur móttekið og samþykkt undirritaða umsókn um sjúkdómatryggingu ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum og vottorðum, sbr. 1.mgr.74. gr.laga nr. 30/2004, en þó ekki fyrr en á þeim degi sem tilgreindur er í beiðni. Samningstími vátryggingar er skráður á vátryggingarskírteinið.

2. gr. Iðgjaldagreiðslur og vanskil

Trygging þessi er með aldurstengdu iðgjaldi. Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Váttryggður fær 30 daga frest til greiðslu frá þeim degi sem félagið sendir kröfu um greiðslu iðgjalds. Sé iðgjald enn ógreitt þegar greiðslufresti líkur sendir félagið tilkynningu með áminningu um vanskil, þar sem gefinn er 14 daga lokafrestur til greiðslu. Krafa um greiðslu er send á heimilisfang greiðanda sem tilgreint er í þjóskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Váttryggingarsamningurinn fellur úr gildi ef iðgjöld eru ekki greidd að loknum veittum fresti.

3. gr. Réttur til að endurvekja sjúkdómatryggingu

Hafi váttrygging fallið niður vegna vanskila er hún ekki endurvakin nema gegn nýrri váttryggingarbeiðni með nýju áhættumati.

4. gr. Uppgjör ef samningi er slitið á váttryggingartímabilinu.

Ef váttryggingarsamningi sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma er slitið á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega.

5. gr. Uppsögn

Félagið getur sagt upp váttryggingu ef rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafa verið gefnar við töku tryggingar eða váttryggingataki eða váttryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingarskyldu sína, sbr. 2. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

Váttryggður getur slitið váttryggingarsamningi hvenær sem er og skal það gert skriflega, skv. 1. mgr. 75.gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. laga nr. 30/2004.

6. gr. Svik og rangar upplýsingar

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína til félagsins um atvik sem haft geta áhrif á mat þess fellur ábyrgð félagsins til váttryggingar eða bótagreiðslu niður í heild eða að hluta, sbr. 83. gr. laga nr. 30/2004. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu enn fremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 84. gr. laga nr. 30/2004. Svo og öðrum váttryggingarsamningum sem það hefur við váttryggingartaka eða váttryggðan án fyrirvara.

Veiti sá er krefur félagið um bætur rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi sbr. 120. gr. laga nr. 30/2004

7. gr. Hvar gildir váttryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

8. gr. Áhættubreyting

Hætti váttryggður reykingum hefur hann kost á því að skila inn til félagsins skriflegri staðfestingu þess efnis til lækkunar iðgjalds. Váttryggður þarf að hafa verið hættur reykingum í 12 mánuði samfleytt til að þetta taki gildi og breytist iðgjaldið þá frá og með næstu endurnýjun að þessum tíma liðnum.

9. gr. Bótasvið

Félagið greiðir miskabætur í einu lagi í samræmi við váttryggingarfjárhæðina vegna bótaskylds váttryggingaratburðar skv. 11. gr. í skilmála þessum.

10. gr. Greiðslur bóta og vextir

Við greiðslu bóta úr váttryggingunni fellur váttryggingin úr gildi, nema í þeim tilfellum þar sem verið er að greiða bætur vegna barna váttryggðs. Greiðslur bóta úr váttryggingunni vegna barna váttryggðs hafa hvorki áhrif á váttryggingarfjárhæð né gildi váttryggingarinnar. Bætur eru ekki greiddar nema váttryggingaratburður sé staðfestur á gildistíma váttryggingarinnar. Eftir að váttryggingin er fallin út gildi er engin bótaskylda til staðar þó leiða megi líkur að því að sjúkdómar hafi verið til staðar meðan váttryggingin var í gildi.

Bætur eru ekki greiddar fyrr en íslenskur sérfræðingur í viðkomandi sérgrein hefur staðfest sjúkdómsgreininguna.

Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að nægar sannanir fyrir greiðsluskyldu félagsins hafa borist því. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004

Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannsaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins.

11. gr. Váttryggingaratburður og skilgreiningar

Váttryggingaratburður telst einungis verða, ef váttryggður verður fyrir miska með því að greinast með einhvern þeirra sjúkdóma, gengist undir einhverja þá aðgerð eða hann hendi eitthvert þeirra tilvika sem talin eru upp og skilgreind hér á eftir;

Hjartaáfall/kransæðastífla (myocardial infarction)

Drep í hluta hjartavöðvans sem afleiðing ófullnægjandi blóðflæðis til hans.

Nauðsynlegt er að öll þrjú atriðin hér fyrir neðan séu greinanleg og staðfest af sérfræðingi í hjartasjúkdómum:

- a) Dæmigerðir hjartakveisuverkir (brjóstverkir)
- b) Nýjar breytingar á hjartalínuriti
- c) Hækkun á hjartaensímum, trópóníni eða öðrum lífefnavísium.

Undanskilið er;

- Hjartaáfall án ST-hækkunar en með hækkun trópóníns I eða T.
- Önnur bráð kransæðaheilkenni
- Einkennalaust hjartaáfall

Kransæðaskurðaðgerð (Coronary bypass)

Váttryggður gengst undir opna hjartaskurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum þar sem kransæðahjáveitugræðlingur (CABG) er tengdur framhjá þrengslum í einni eða fleiri kransæð. Undir þetta falla ekki aðrar

aðgerðir svo sem kransæðavíkkun eða blásning (angioplasty) eða aðgerðir með leysitækni eða um lítið op (Key hole surgery).

Hjartalokuaðgerð (Heart Valve Replacement)

Aðgerð á hjarta þar sem gerviloku er komið fyrir í stað einnar eða fleiri hjartaloka. Þetta tekur til aðgerða á ósæðaloku, míturloku, lungnastofnsloku og þríblöðkuloku þegar um er að ræða þrengsli, leka eða báða þessa þætti. Undanskilið er viðgerð á hjartaloku, valvuloplasty eða valvulotomy.

Skurðaðgerð á meginslagæð/ósæðaraðgerð (aorta surgery)

Vátryggður gengst undir skurðaðgerð vegna langvinnns ósæðasjúkdóms að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum, þar sem hluti ósæðar er skorinn burt og í stað hans settur græðlingur (graft). Hér er átt við ósæð í brjóst- eða kviðarholi en ekki greinar hennar.

Heilaáfall/slag (stroke)

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi og felur í sér drep í heilavef, blæðingu eða blóðsega/blóðrek með upptökum utan höfuðkúpu. Skilyrði er að einkennum varanlegra skemmda verði á miðtaugakerfi. Einkenni sem vara skemur en einn sólarhring eru undanskilin. Greiningin skal staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Nauðsynlegt er að hægt sé að sýna fram á skert taugaviðbrögð í a.m.k. þrjá mánuði. Undanskilið er skammvinnt blóðþurrðarkast (TIA), einkenni frá taugakerfi vegna mígrenis, meiðsl á heila komið til vegna áverka og heilaáfall án skerðingar á taugastarfsemi.

Krabbamein (malignant tumor)

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Greining á illkynja krabbameini skal vera staðfest með vefjasýnum. Skilgreiningin innifelur einnig hvítblæði (annað en langvinnt eitilfrumuhvítblæði) og illkynja sjúkdóm í eitla- og vessakerfinu svo sem Hodgkins sjúkdóm. Undanskilið er:

- a) sérhvert stig af innanþekjuæxli í leghálsi(CIN)
- b) sérhvert forstig illkynja æxlis
- c) sérhvert krabbamein án íferðar (setbundið krabbamein)
- d) blöðruhálskirtilskrabbamein á stigi 1 (T1a, 1b og 1c)
- e) öll húðkrabbamein á stigi 1A (T1a,NO og MO) þar með talið sortukrabbamein
- f) sérhvert illkynja æxli samfara eyðniveirunni (HIV)
- g) þekjuvefskrabbamein í húð (Basal cell carcinoma og

squamous cell carcinoma)

Góðkynja heilaæxli

Fjarlæging á heilaæxli innan höfuðkúpu sem ekki eru illkynja. Aðgerðin eða æxlið leiðir til viðvarandi taugrænnar truflunar. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og af niðurstöðum sneiðmynda eða taugariti af heila. Viðvarandi taugræn truflun þýðir að ástandið þarf að hafa staðið í a.m.k. þrjá mánuði (staðfest af lækni).

Undanskilið er:

- a) Blöðrur (cysts)
- b) Hnúðar (granulomas)
- c) Æxli í heiladingli eða mænu.
- d) Æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum
- e) Heilamar

MS/Heila-og mænusigg (multiple sclerosis)

Ótvíræð greining heila og mænusiggs gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Einkenni sjúkdóms skulu vera dæmigerð með klínískum einkennum sem koma fram við niðurbrot á slíðri sem umlykur taugafrumur í taugakerfum, truflun á hreyfi- og skynboðum sem og niðurstöðu segulómrannsóknar. Til að greining sé staðfest verður sá tryggð annað hvort að hafa óeðlilega taugastarfsemi sem hefur staðið samfleytt í lágmark sex mánuði eða haft tvö klínísk einkenni eða fleiri með mánaða millibili eða verður að hafa haft eitt klínískt einkenni samfara greiningu á óeðlilegum mænuvökva sem og greiningu á blettum í heila sem staðfest er með segulómun.

MND (motor neuron disease)

Staðfesting greiningar hreyfitaugungahrönnunar (þ.e blönduð hreyfitaugungahrönnun, frumhrönnun hreyfitaugunga, ágeng vista, mænukyflömun) skal gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum sem starfar sem slíkur. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæða/afklæða sig, komast á og nota salerni og viðhalda eigin hreinlæti, vera hreyfanlegur, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða/drekka eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og erfiðleika við að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

Meiriháttar líffæraflutningar

Vátryggður gengst undir líffæraflutning sem þegi á hjarta, lunga, lifur, briskirtli, smáþörmum, nýra eða beinmerg.

Nýrnabilun (kidney failure)

Lokastig nýrnabilunar sem einkennist af langvinnri varanlegri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir annað hvor til reglubundinnar blóðskilunar (hemodialysis), himnuskilunar (peritoneal dialysis) eða að nýrnaflutningur (renal transplantation) er framkvæmdur.

Alzheimersjúkdómur

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Alzheimersjúkdómnum, fyrir sextíu ára afmælisdag vátryggðs með viðeigandi rannsóknnum, athugunum og mati á sjúkdómseinkennum. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæða/afklæða sig, komast á og nota salerni og viðhalda eigin hreinlæti, vera hreyfanlegur, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða/drekka eða leitt til þarfar á eftirliti og varanlegri viðveru umönnunaraðila vegna sjúkdóms. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

Parkinsonsjúkdómur

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Parkinsonsjúkdómnum af óþekktum uppruna (idiopathic) eða frumkominni parkinsonveiki (primary) fyrir sextíu ára afmælisdag vátryggðs. Allar aðrar tegundir Parkinsonsjúkdóms/heilkennis eru undanskildar. Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæða/afklæða sig, komast á og nota salerni og viðhalda eigin hreinlæti, vera hreyfanlegur, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða/drekka eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og erfiðleika við að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt staðfestingu læknis.

Alvarleg brunasár

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama vátryggðs, staðfest af sérfræðingi með víðtæka reynslu í meðferð brunasára. Lund-Browder Chart eða sambærilegt matskerfi skal nota við greiningu.

Útlímamissir

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlíma ofan úlnliðs eða ökkliðs vegna slyss eða sjúkdóms.

Blinda

Alger, varanlegur og óbætanlegur missir sjónar á báðum augum vegna sjúkdóms eða slyss, staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.

Heyrnarleysi

Algjör, varanlegur og óafturkræfur heyrnarmissir á báðum eyrum vegna sjúkdóms eða slyss, staðfestur af sérfræðingi í háls-, nef- og eyrnalækningum og niðurstöðum heyrnarmælinga.

Alnæmi (HIV) tilkomið vegna blóðgjafar

Smit af völdum eyðniveiru (HIV) eða greining á alnæmi (AIDS) sem rekja má til blóðgjafar. Öll eftirfarandi skilyrði verða að vera til staðar:

- Smitið er tilkomið vegna blóðgjafar sem var nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum og verður að hafa átt sér stað eftir að váttryggingin tók gildi.
- Heilbrigðisstofnunin sem framkvæmdi blóðgjöfina verður að viðurkenna ábyrgð sína.
- Váttryggður er ekki blæðari.

Alnæmi (HIV) tilkomið vegna starfa

Smit af völdum eyðniveiru er tilkomið vegna óhapps sem váttryggður verður fyrir í starfi sínu samkvæmt venjubundinni starfslýsingu. Öll óhöpp sem mögulega geta leitt til bótakröfu verður að tilkynna til félagsins innan sjö daga frá óhappinu. Með tilkynningunni skal óhappaskýrsla fylgja ásamt staðfestingu á neikvæðri niðurstöðu úr HIV mótefnamælingu sem tekin var strax eftir óhappið. Breyting í jákvætt próf (seroconversion) skal hafa gerst innan sex mánaða frá óhappinu.

Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar (Bacterial Meningitis)

Bakteríusýking og bólga í heilahimnu eða mænu sem staðfest hefur verið af sérfræðingi í taugasjúkdómum með blóð- og mænuvökvarannsóknnum, tölvusneiðmyndum (CT) eða segulóm skoðun (MRI) af höfði.

Sjúkdómurinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Þetta ástand skal hafa varað í a.m.k. þrjá mánuði samkvæmt læknisfræðilegri staðfestingu.

Alvarlegur höfuðáverki

Alvarlegur áverki á höfði sem veldur truflun í heilastarfsemi. Greining þarf að vera staðfest af sérfræðingi og niðurstöðum myndgreiningar á taugakerfi

t.d. tölvusneiðmyndar (CT) eða segulómskoðunar (MRI). Áverkinn verður að hafa leitt til varanlegs óhæfis til þess að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri athafnir daglegs lífs (ADL), baða sig, klæðast, afklæðast, fara á og nota salerni, fara úr rúmi í stól eða úr stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða, drekka og taka lyf eða verður að hafa leitt til varanlegrar rúmlegu og óhæfis til að fara á fætur án utanaðkomandi aðstoðar. Það skal vera læknisfræðilega staðfest að ástand þetta hafi varað í a.m.k. þrjá mánuði.

12. gr. Takmörkun á ábyrgð félagsins

Aðrir sjúkdómar, aðgerðir og tilvik en þau sem talin eru hér upp sem bótaskyld eru ekki bótaskyld samkvæmt váttryggingu þessari.

Bætur greiðast ekki vegna krabbameins né MS/Heila-og mænusiggs (Multiple Sclerosis) sem greinist á fyrstu 3 mánuðum eftir gildistöku váttryggingarinnar né við endurupptöku hennar.

Bætur greiðast váttryggðum aðeins einu sinni úr váttryggingu þessari vegna hans sjálfs og bætur úr barnasjúkdómatriygingu greiðast aðeins einu sinni vegna hvers barns.

Skilyrði fyrir bótagreiðslur er að váttryggður lifi í a.m.k. þrjátíu daga frá því váttryggingaþurður var staðfestur.

13. gr. Barnasjúkdómatriyging

Bætur vegna barna váttryggðs eru greiddar ef börn tryggingartaka, samkvæmt neðan greindum aldursmörkum, verða fyrir einhverjum af þeim sjúkdómum sem bótaskyldir eru skv. skilmálum þessum. Skilgreining á börnum eru börn og ættleidd börn váttryggðs, einnig fósturbörn og stjúpborn váttryggðs, sem eiga lögheimili og búa á sama stað og váttryggður.

Eftirfarandi aldursmörk gilda um barnasjúkdómatriyginguna:

- a. frá þriggja mánaða til 3ja ára eru börn váttryggð fyrir eftirtöldum váttryggingarþurðum samkvæmt skilmálum:
Krabbameini - Góðkynja heilaæxli - Alvarlegum brunasárum
- b. börn sem orðin eru þriggja ára og yngri en átján ára eru váttryggð fyrir váttryggingarþurðum samkvæmt skilmálum.

Bætur er 50% af váttryggingarfjárhæð eða 7.800.000 krónur, hvort sem lægra er.

Bætur vegna sama barns geta aldrei orðið hærrí jafnvel þótt í gildi séu hjá félaginu fleiri en ein váttrygging sem barnið gæti átt bótarétt úr. Bætur vegna barna hafa ekki áhrif á váttryggingarfjárhæð né gildi váttryggingarinnar.

Eftirfarandi fellur ekki undir skilmála þennan:

- Ástand sem kemur til áður en barn nær þrjátíu daga aldri.
- Skurðaðgerð sem gengist er undir vegna ástands sem kom til áður en barnið náði þrjátíu daga aldri (jafnvel þótt skurðaðgerðin eigi sér stað eftir þann aldur).
- Ástand sem kemur til eftir átjándaga afmælisdag barnsins.
- Skurðaðgerð sem á sér stað eftir átjándaga afmælisdag barnsins (jafnvel þótt aðgerðin tengist ástandi sem upp kom fyrir þann afmælisdag).

Bætur eru ekki greiddar til ættleiddra barna ef hægt er að rekja orsakir sjúkdóms eða aðgerðar til ástands barns áður en það var ættleitt. Sama gildir um stjúp börn og fósturbörn.

Bætur eru ekki greiddar vegna sjúkdóma eða aðgerða sem sannarlega má rekja beint eða óbeint til ástands barns fyrir ofangreind aldursmörk eða fyrir töku eða endurupptöku váttryggingarinnar.

Nánar um greiðslu bóta, bótasvið og takmarkanir á bótaskyldu vísast í gr. 9,10,11 og 12 eftir því sem þær eiga við.

14. gr. Réttthafi

Váttryggður er réttthafi sé annar ekki tilgreindur sem slíkur í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

15. gr. Váttryggingarfjárhæð og verðtrygging

Váttryggingarfjárhæð kemur fram á váttryggingarskírteininu eða endurnýjunarkvittunum. Við endurnýjun skírteinis hækkar váttryggingarfjárhæðin og ársiðgjaldið í samræmi við á breytingu á vísitölu neysluverðs frá grunnvísitölu samningsins, sem skráð er á skírteinið, til vísitölunnar í næsta mánuði á undan endurnýjuninni. Lækkun vísitölunnar hefur ekki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæð né ársiðgjaldi. Breytist váttryggingarfjárhæðin með aldri er það skráð á skírteinið og lækkar þá váttryggingarfjárhæðin árlega frá þeim tíma við fyrsta dag hvers váttryggingarárs.

16. gr. Frestur til að tilkynna um váttryggingaratburð

Váttryggður glatar rétti til bóta ef;

1. Hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
2. Hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

17. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fyrnast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

18. gr. Endurkaupsverðmæti og lán

Sjúkdómategygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti og veitir ekki rétt til lántöku hjá félaginu.

19. gr. Iðgjaldafrelsi

Váttryggður öðlast rétt á hlutfallslegri lækkun iðgjalda skerðist starfsorka hans um 50% eða meira. Hægt er að sækja um iðgjaldafrelsi sex mánuðum eftir að starfsorkumissirinn hófst og gildir það til 60 ára aldurs.

Beiðni um iðgjaldafrelsi skal berast skriflega á þar til gerðu eyðublaði og sendast félaginu ásamt nauðsynlegum gögnum til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu. Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja hæfni hins váttryggða til þess að gegna sínu venjulega starfi og möguleikum til að gegna öðrum störfum.

Váttryggðum er skylt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að

fullu.

Á meðan váttryggður nýtur iðgjaldafrelsis getur félagið krafist heilsufarsupplýsinga af honum, svo og læknisskoðunar á sinn kostnað.

Váttryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis:

- fyrir lengra tímabil en 1 ár aftur í tímann áður en beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu
- vegna sjúkdóma sem váttryggður hafði eða sýnt hafði einkenni fyrir gildistöku váttryggingarinnar, né vegna afleiðinga slyss sem orðið hafði fyrir gildistöku váttryggingarinnar
- ef orsök starfsorkumissis er af völdum styrjaldar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisnar eða svipaðra atvika
- ef orsök starfsorkumissisins er misnotkun áfengis, fíkniefna eða eiturefna eða þátttaka í refsiverðum verknaði.

Ákvæði um brot á upplýsingaskyldu, svik og rangar upplýsingar gilda einnig um iðgjaldafrelsi eftir því sem við á.

Um iðgjaldafrelsi gilda að öðru leyti almenn ákvæði skilmála váttryggingarinnar, eftir því sem við á.

20. gr. Réttur til hækkunar á váttryggingarfjárhæð án yfirlýsingar um heilsufar

Hafi sjúkdómatrygging verið samþykkt án álags og með venjulegum skilmálum getur váttryggður óskað eftir hækkun á váttryggingarfjárhæð án frekari upplýsinga um heilsufar sitt. Beiðni og nauðsynleg gögn þurfa að berast skriflega til félagsins innan þriggja mánaða frá eftirfarandi atvikum:

- Váttryggður eignast barn
- Váttryggður ættleiðir barn sem er yngra en 18 ára

Váttryggingarfjárhæðin getur að hámarki hækkað um 25% eða 3.500.000 krónur hvort sem lægra er. Váttryggingarfjárhæðin getur þó aldrei orðið hærrí en 12.000.000 krónur. Umrædd hækkun váttryggingarfjárhæðar hefur sama gildistíma og sú váttrygging sem verið er að hækka.

Þennan rétt má nýta sér í tvígang. Réttur til hækkunar fellur niður frá og með 45 ára afmælisdegi váttryggðs, þegar tilkall hefur verið gert til bóta úr sjúkdómatryggingunni eða ef váttryggður hefur greinst með einhvern þeirra sjúkdóma, gengist undir eða bíður eftir að gangast undir einhverja þeirra aðgerða eða hann hent eitthvert þeirra tilvika sem teljast bótaskyld skv. skilmálum þessum.

21. gr. Breyting á iðgjaldsgrundvelli

Félagið áskilur sér rétt til að breyta iðgjaldsgrundvelli ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur váttryggingarinnar reynast aðrar en áætlað var í upphafi. Allar slíkar breytingar yrðu sendar Fjármálaeftirlitinu áður en þær tækju gildi sbr. 65. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingarstarfsemi.

22. gr. Þagnarskylda og persónuvernd

Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar um sjúkdómatrygginguna sem trúnaðarmál og er bundið af reglum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Félagið notar persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingarinnar aðeins við mat á tryggingarbeiðnum og við afgreiðslu bótakrafna.

23. gr. Meðferð ágreiningsmála

Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu.

Málskot til Úrskurðarnefndarinnar skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

24. gr. Varnarþing

Mál sem kunna að koma upp vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

25. gr. Lög um váttryggingarsamninga

Að öðru leyti vísast í skilmála á samningi eða öðrum gögnum sem samningurinn byggir á, váttryggingarskírteini og lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingarvernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins. Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

Skilmáli þessi gildir frá 1. janúar 2011